ÍÞRG1BL02

Búið til: *Fri, 14 Feb 2020 11:47:05 GMT*

Titill
Blak
Skammstöfun
ÍÞRG1BL02
Útgáfunúmer
7
Námsgrein
íþróttagrein
Viðfangsefni
blak
Staða
Samþykkt af skóla
Þrep
1
Einingafjöldi
2
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla
Lýsing
Áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er blak fyrir krakka og unglinga upp að 18 ára aldri. Í áfanganum verður farið í grunnatriði greinarinnar og nemendur þjálfa ýmis grunntækniatriði, s.s. fingurslag, fleyg, uppgjöf, smass ásamt leikfræði (staðsetningar o.fl.) og reglum greinarinnar.
Forkröfur
Þekkingarviðmið
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Nýtingu leikja og æfinga fyrir byrjendur og þá sem lengra eru komnir
- Mismunandi hlutverkum leikmanna í blaki
- Grunnreglum íþróttarinnar, s.s. tvíslagi, moki, neti, yfirstigi og fjórum
- Grunntækniatriðum íþróttarinnar, s.s. uppgjöf, fleyg, fingurslagi og smassi
- Grunnleikfræði íþróttarinnar, s.s. staðsetningum og leikstöðum

Leikniviðmið
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Setja upp skipulagðan tímaseðil út frá getu iðkenda og markmiðum tímans
- Meta reglur íþróttarinnar við að horfa á kappleiki og dæma hjá samnemendum
- Þekkja hlutverk leikmanna og geta spilað mismunandi leikstöður
- Útfæra mismunandi krefjandi æfingar til að æfa viðfangsefnin

Hæfniviðmið
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta horft á blak og skilið leikinn, s.s. hvað er verið að dæma, af hverju staðsetning leikmanna er eins og hún er o.s.frv.
- Bera ábyrgð á því að skipuleggja og framkvæma kennslu hjá samnemendum þar sem grunnatriðin eru kennd
- Meta eigin leik og annarra og komið með hugmyndir að því hvað má bæta og þá hvernig
- Geta tekið þátt í umræðum um viðfangsefnin á faglegan og uppbyggilegan hátt

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd